

**Efni: Langeyrarvegur 16, 16a og 18. Umsögn vegna lóðarstækkunar,**

Þann 9. júlí sl. leggja eigendur við Langeyrarveg 16, 16a og 18 inn sameiginlega fyrirspurn til skipulagsfulltrúa þar sem óskað er eftir að stækka framan greindar lóðir.  
Í stækkuninni felst að lóðirnar munu ná út að Skerskeyrarvegi.



Skjáskot er sýnir fyrirhugaðar lóðarstækkanir, merkt með rauðu.

Í gildi er deiliskipulag frá árinu 1981. Gerðar voru breytingar á því heildarskipulagi árið 2012 og skipulagsmörk færð. Hins vegar var eldra deiliskipulag ekki felt úr gildi.

Um framangreindar lóðir gildir því það sem fram kemur á skjáskoti úr þeim upprætti, mynd 2.



Mynd 2. Skjáskot, deiliskipulagsuppráttur frá 1981.



## HAFNARFJÖRÐUR

Síðustu misseri hefur verið unnið að endurskoðun og gerð nýs deiliskipulags fyrir Vesturbæ. Langeyrar- og Skerseyrarvegur fellur undir þann hluta endurskoðunarinnar. Hvenær þeirri vinnu lýkur nákvæmlega liggur ekki ljóst fyrir á núverandi stundu.

Lóðarstækkunarir eru lagðar fyrir bæjarstjórn til skoðunar.

Taki bæjarstjórn jákvætt í fyrirspurnarerindið má leggja inn *umsókn um lóðarstækkun*.

Hefðbundið ferli er að sækja skal um deiliskipulagsbreytingu samþykki bæjarstjórn lóðarstækkun og óski lóðarhafar að fylgja málinu eftir.

Verði núverandi erindi um lóðarstækkunarir samþykktar í bæjarstjórn mætti auglýsa þær á heildar uppdrætti, er sýnir endurskoðað og nýtt deiliskipulag fyrir hverfið, sem verður til kynningar og auglýsingar fyrir almenning skv. skipulagslögum, þegar hann liggur fyrir.

Mögulega gæti slíkur uppdráttur legið fyrir í byrjun vetrar til auglýsingar.

Á þeim tíma sem uppdrátturinn er í auglýsingu, a.m.k. 6 vikur, gefst íbúum og öðrum sem telja sig eiga hagsmuna að gæta að gera athugasemd við deiliskipulagstillöguna, þ.m.t. stækkun lóðanna við Langeyrarveg nr. 16, 16a og 18.

Bent skal á að gerð nýs deiliskipulags og endurskoðun er tímafrekt og vænta má að deiliskipulagið taki fyrst gildi á vormánuðum 2021.

Óski lóðarhafar hins vegar að flýta ferlinu skal sækja um deiliskipulagsbreytingu að undangenginni jákvæðri afgreiðslu bæjarstjórnar vegna *umsóknar um lóðarstækkun*.

Allur kostnaður við slíkar breytingar á deiliskipulagi fellur á þann sem eftir þeim óskar.

Breytingarnar yrðu þá grenndarkynntar í 4 vikur a.m.k. í samræmi við skipulagslög. Reikna má með a.m.k. 3 mánuðum sem slíkt ferli tekur.

Gunnþóra Guðmundsdóttir, arkitekt